

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 19. nóvember 1991

um verndun dýra í flutningi og um breytingu á tilskipunum 90/425/EBE og 91/496/EBE

(91/628/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ályktun sinni frá 20. febrúar 1987 um velferð dýra ⁽⁴⁾ hvatti Evrópuþingið framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögur um verndun dýra í flutningi.

Til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með lifandi dýr og stuðla að snurðulausri framkvæmd viðkomandi markaðsskipulags, ásamt því að tryggja viðhlítandi verndun viðkomandi dýra, hefur bandalagið samþykkt reglur á þessu sviði.

Öll aðildarríkin hafa fullgilt Evrópusamninginn um vernd dýra í millilandaflutningum og undirritað viðbótarbókun sem gerir bandalaginu sem stofnun kleift að gerast aðili að fyrrnefndum samningi.

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3626/82 frá 3. desember 1982 um framkvæmd í bandalaginu á samningnum um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu ⁽⁵⁾, hér á eftir nefndur CITES, eru sett skilyrði um flutning á tilteknum tegundum.

Í tilskipun 77/489/EBE ⁽⁶⁾ eru settar reglur um verndun dýra í millilandaflutningi. Í tilskipun 81/389/EBE ⁽⁷⁾ er kveðið á um ráðstafanir um framkvæmd tilskipunar 77/489/EBE,

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 214, 21. 8. 1989, bls. 36 og Stjútíð. EB nr. C 154, 23. 6. 1990, bls. 7.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 113, 7. 5. 1990, bls. 206.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. C 56, 7. 3. 1990, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. C 76, 7. 3. 1987, bls. 185.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 384, 31. 12. 1982, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 197/90 (Stjútíð. EB nr. L 29, 31. 1. 1990, bls. 1).

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 200, 8. 8. 1977, bls. 10.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 150, 6. 6. 1981, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85 (Stjútíð. EB nr. L 362, 31. 12. 1985, bls. 8).

meðal annars eru sett ákvæði um eftirlit á innri landamærum bandalagsins.

Með sömu markmið í huga, einkum verndun dýra í flutningi, er nauðsynlegt vegna tilkomu hins innri markaðar að breyta reglum tilskipunar 90/425/EBE ⁽⁸⁾, meðal annars með það fyrir augum að samhæfa eftirlit með velferð dýra í flutningi.

Í þessu samhengi ber að setja ákvæði um flutning dýra innan bandalagsins og til og frá bandalaginu og afnema kerfisbundið eftirlit á innri landamærum bandalagsins.

Takmarka skal eftir því sem unnt er flutning á dýrum um langar vegalengdir, þar með talin dýr til slátrunar, með velferð dýranna í huga.

Hinar fyrirhuguðu reglur skulu tryggja betri verndun dýra í flutningi.

Tilskipun 91/496/EBE ⁽⁹⁾ ber að breyta til samræmis við þessa tilskipun. Enn fremur ber að fella úr gildi tilskipanir 77/489/EBE og 81/389/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA,

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um flutning á:

- a) einhófa eldisdýrum og eldisdýrum af nautgripa-, sauðfjár-, geita- eða svínakyni;
- b) alifuglum, öðrum fuglum og alíkaninum;
- c) köttum og hundum;
- d) öðrum spendýrum og fuglum;
- e) öðrum hryggdýrum og dýrum með kalt blóð.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56).

⁽⁹⁾ Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56.

2. Þessi tilskipun gildir ekki:

- a) um ferðamenn sem flytja gæludýr sem ekki eru notuð í hagnaðarskyni;
- b) með fyrirvara um viðeigandi innlend ákvæði, um flutning á dýrum:
 - um allt að því 50 km vegalengd frá upphafsstað til viðtökustaðar, eða
 - sem fer fram á vegum búfjárbænda eða búfjárræktenda með landbúnaðartækjum eða flutningatækjum í þeirra eigu, í tilvikum þegar árstíðabundnir flutningar á tilteknum tegundum dýra eru nauðsynlegir þar eð skipta þarf um beitiland vegna landfræðilegra skilyrða.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningar 2. gr. tilskipunar 89/662/EBE ⁽¹⁾, 90/425/EBE, 90/675/EBE ⁽²⁾ og tilskipunar 91/496/EBE, eftir því sem við á.

2. Enn fremur er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „flutningatæki“: þeir hlutar ökutækja, járnbrautarvagna, skipa og loftfara sem eru notaðir til að ferma og flytja dýr og gámar til vöruflutninga á landi, á sjó eða í lofti;
- b) „flutningar“: flutningar dýra með flutningatæki, þar með talin fermin og afferming dýranna;
- c) „áningarstaður“: staður þar sem gert er hlé á ferðinni til að hvíla, fódra eða brynna dýrunum;
- d) „umfermingarstaður“: staður þar sem gert er hlé á flutningi til að flytja dýr úr einu samgöngutæki í annað;
- e) „brottfararstaður“: staðurinn þar sem dýrið er fyrst sett á flutningatæki, samanber þó ákvæði b-liðar 2. mgr. 1. gr., eða annar staður þar sem afferming á dýrunum hefur átt sér stað og þau hafa verið hýst í að minnsta kosti 10 klukkustundir, þeim hefur verið brynnt, gefið fóður og, ef nauðsyn ber til, fengið umhirðu og ekki er um áningar- eða umfermingarstað að ræða.

Enn fremur má líta svo á að viðurkenndir markaðir og söfnunarstöðvar, sem eru í samræmi við löggjöf bandalagsins, séu brottfararstaðir:

- ef fyrsti staðurinn þar sem fermin dýranna á sér stað er innan við 50 km frá áðurnefndum mörkuðum eða söfnunarstöðvum,

⁽¹⁾ Stj. t. í. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stj. t. í. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56).

⁽²⁾ Stj. t. í. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stj. t. í. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56).

— ef dýrin hafa fengið hvíldartíma sem er ákvarðaður í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr., þeim hefur verið brynnt og þau fódruð áður en fermt er að nýju, enda þótt vegalengdin sem um getur í fyrsta undirlið sé yfir 50 km;

- f) „viðtökustaður“: staður þar sem endanleg afferming dýrs úr flutningatæki á sér stað og er ekki áningar- eða umfermingarstaður;
- g) „ferð“: flutningur frá brottfararstað til viðtökustaðar.

II. KAFLI

Flutningar og eftirlit á yfirráðasvæði bandalagsins

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess:

- a) að flutningar á dýrum innan hvers aðildarríkis og til og frá hverju aðildarríki fari fram í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og, að því er varðar dýr sem um getur í:
 - a-lið 1. gr., í samræmi við ákvæði I. kafla viðaukans,
 - b-lið 1. gr., í samræmi við ákvæði II. kafla viðaukans,
 - c-lið 1. gr., í samræmi við ákvæði III. kafla viðaukans,
 - d-lið 1. gr., í samræmi við ákvæði IV. kafla viðaukans,
 - e-lið 1. gr., í samræmi við ákvæði V. kafla viðaukans;
- b) að ekkert dýr sé flutt nema það sé í ástandi til að þola hina fyrirhuguðu ferð og viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar um hirðingu þess í ferðinni og við komu á áfangastað. Dýr sem eru veik eða meidd skulu ekki teljast í flutningshæfu ástandi. Þetta ákvæði gildir þó ekki um:
 - i) dýr sem eru lítillega meidd eða veik og flutningur á þeim orsakar ekki þjáningu að nauðsynjalausum,
 - ii) dýr sem eru flutt í tengslum við vísindarannsóknir sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt;
- c) dýr sem veikjast eða meiðast í flutningi skulu fá skyndihjálp eins skjótt og auðið er. Þau skulu hljóta viðeigandi meðferð dýralæknis og ef nauðsyn ber til skal þeim slátrað með þeim hætti að þau þurfi ekki að þjást að nauðsynjalausum.

2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. geta aðildarríkin í neyðartilvikum heimilað flutninga á dýrum til dýralæknis eða slátrunar við skilyrði sem fullnægja ekki kröfum þessarar tilskipunar. Aðildarríkin skulu sjá til þess að slíkir flutningar séu því aðeins leyfðir að viðkomandi dýr þurfi ekki að þjást eða hljóta illa meðferð að nauðsynjalaus. Ef þurfa þykir skal samþykkja sérstakar reglur um beitingu þessarar málsgreinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

3. Með fyrirvara um kröfunar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. og viðauka þessarar tilskipunar skal ráðið, með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, setja viðeigandi viðbótarskilyrði til að vernda tiltekna tegundir dýra í flutningi, svo sem einhófa dýr, villta fugla og sjávarspendýr.

Uns ákvæði þessi koma til framkvæmda er aðildarríkjunum heimilt að láta viðeigandi innlendar reglur gilda, að teknu tilliti til almennra ákvæða sáttmálans.

4. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að í allri ferðinni séu dýr auðkennd og skráð í samræmi við c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE og að þeim fylgi þau skjöl sem krafist er samkvæmt löggjöf bandalagsins eða innlendri löggjöf, svo að lögbær yfirvöld geti gengið úr skugga um:

- uppruna þeirra og eiganda,
- brottfararstað þeirra og viðtökustað,
- brottfarardag og -tíma.

5. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess:

1. að einstaklingur eða lögpersóna sem flytur dýr í hagnaðarskyni:
 - a) sé skráður, svo að lögbært yfirvald geti haft eftirlit með því að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar;
 - b) flytji dýr, sem þessi tilskipun tekur til, með flutningatæki sem fullnægir kröfunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum;
 - c) flytji ekki dýr, eða láti flytja dýr, með þeim hætti er kann að meiða eða valda dýrinu þjáningu að nauðsynjalaus;
2. að sá sem stjórnar dýraflutningunum:
 - a) láti starfsmenn, sem búa yfir nauðsynlegri þekkingu til að veita dýrunum sem verið er að flytja viðhlítandi umönnun, annast flutninginn;
 - b) ef ferðir vara lengur en 24 tíma, frá brottfararstað og með tilliti til viðtökustaðar, semji ferðaáætlun sem tekur til áningar- og umfermingarstaða svo að

unnt sé að tryggja að dýrin fái hvíld, séu fóðruð og þeim brynnt og, ef nauðsyn ber til, afferming eigi sér stað og þau séu hýst í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar að því er varðar þá tegund dýrs sem á að flytja;

- c) geti, að teknu tilliti til þess hvaða tegundir verið er að flytja og svo framfarlega sem ferðin varir lengur en 24 tíma, sýnt fram á að ráðstafanir hafi verið gerðar til að fullnægja þörfum dýrsins fyrir fóður og vatn í ferðinni, jafnvel þótt ferðaáætlunin breytist eða hlé verði á ferðinni af ástæðum sem hann ræður ekki við;
- d) sjái til þess að dýrin séu flutt á viðtökustað án tafar, þrátt fyrir eðlilega hvíldartíma ökumanna;
- e) sjái til þess að frumrit ferðaáætlunarinnar sem um getur í b-lið, ásamt upplýsingum um brottfarardag, -stað og -tíma, fylgi með sendingunni í ferðinni;
- f) varðveiti, á tímabili sem lögbært yfirvald ákveður, afrit af áður nefndri ferðaáætlun sem er lagt fram til vottfestingar að beiðni lögbærs yfirvalds;
- g) sjái til þess að þegar dýr eru flutt án fylgdarmanna hafi sendandinn farið að ákvæðum þessarar tilskipunar þegar komið var með dýrin til flutnings og að viðtakandinn hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til að taka við þeim;

3. að lögbært yfirvald skoði reglulegu áningarstaðina, sem stjórnandinn sem um getur í 2. lið samþykkir fyrirfram.

6. gr.

1. Tilskipun 90/425/EBE skal breytt sem hér segir:

a) í stað þriðju málsgreinar 1. gr. komi eftirfarandi:

„Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á eftirlit sem fer fram í tengslum við óhlutdræga skoðun á vegum yfirvalda sem bera ábyrgð á almennri beitingu laga í aðildarríki.“

b) við I. þátt viðauka A bætist eftirfarandi tilvísun:

„Tilskipun ráðsins 91/628/EBE frá 19. nóvember 1991 um verndun dýra í flutningi og um breytingu á tilskipunum 90/425/EBE og 91/496/EBE. (Stjútíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17).“

2. Bæta skal við vottorðin eða skjölin sem um getur í 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. svo að tillit sé tekið til krafna þessarar tilskipunar.

3. Upplýsingaskipti milli yfirvalda til að fullnægja kröfum þessarar tilskipunar skulu felld inn í tölvukerfið sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE (Animo) og, að því er varðar innflutning frá þriðju löndum, inn í Shift-áætlunina, í samræmi við 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 91/496/EBE.

Nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga eftir megni úr töfum í flutningi, eða koma í veg fyrir eða draga eftir megni úr þjáníngu dýra, ef verkföll eða aðrar aðstæður koma í veg fyrir beitingu þessarar tilskipunar. Einkum ber að gera sérstakar ráðstafanir í höfnum, á flugvöllum, járnbrautarstöðvum, röðunarsvæðum og skoðunarstöðvum á landamærum, sem um getur í 6. gr. tilskipunar 91/496/EBE, til að flýta flutningi dýra við skilyrði sem eru í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

2. Með fyrirvara um aðrar dýraheilbrigðiskröfur bandalagsins má ekki halda eftir neinni sendingu dýra nema brýna nauðsyn beri til vegna velferðar dýranna. Ef sending dýra er stöðvuð í meira en tvo tíma meðan á flutningi stendur skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir um hirðingu dýranna og, ef þurfa þykir, affermingu þeirra og hýsingu.

8. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við meginreglur og eftirlitsreglur sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/425/EBE, að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með því að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar, með því að láta fara fram óhlutdræga skoðun á:

- flutningatækjum og dýrum við komu á viðtökustað;
- flutningatækjum og dýrum á mörkuðum, brottfarar-, áningar- og umfermingarstöðum;
- upplýsingum á fylgiskjölum.

Jafnframt getur lögbært yfirvald aðildarríkis, hafi það rökstuddan grun um brot, einnig látið fara fram eftirlit við flutning dýranna á yfirráðasvæði sínu.

Þessi grein hefur ekki áhrif á eftirlit sem fer fram í tengslum við óhlutdræga skoðun yfirvalda sem bera ábyrgð á almennri beitingu laga í aðildarríki.

9. gr.

1. Ef í ljós kemur meðan á flutningi stendur að ákvæðum þessarar tilskipunar er ekki eða hefur ekki verið hlítt skal lögbæra yfirvaldið á staðnum, þar sem slíkt er uppgötvað, fara fram á að sá sem ræður yfir flutningatækinu geri ráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegar til að tryggja velferð viðkomandi dýra.

Eftir aðstæðum í hverju tilviki getur slík aðgerð falist í:

- ráðstöfun til að ljúka ferðinni eða flytja dýrin aftur á brottfararstað eftir beinustu leið, að því tilskildu að þessi ráðstöfun valdi dýrunum ekki þjáníngu að nauðsynjalösu;
- ráðstöfun um að hýsa dýrin og hirða þau á viðeigandi hátt þar til vandinn hefur verið leystur;
- ráðstöfun um að slátra dýrunum á mannúðlegan hátt. Viðtökustaður og nýting skrokkanna heyrir undir ákvæði tilskipunar 64/433/EBE ⁽¹⁾.

2. Ef sá sem ræður yfir flutningatækinu fer ekki að fyrir mælum lögbærs yfirvalds skal yfirvaldið þegar í stað láta grípa til umræddra ráðstafana og endurheimta kostnaðinn við þessar ráðstafanir á viðeigandi hátt.

3. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á rétt samkvæmt gildandi lögum aðildarríkisins til að áfrýja ákvörðunum lögbærra yfirvalda.

Tilkynna skal sendanda eða fulltrúa hans og lögbæru yfirvaldi sendingaraðildarríkisins um ákvarðanir sem eru teknar af lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og rökstuðning fyrir þeim.

Fari sendandi eða fulltrúi hans fram á það skal honum tilkynnt skriflega um umrædda ákvörðun og rökstuðning fyrir henni ásamt nákvæmum upplýsingum um áfrýjunarétt hans samkvæmt gildandi lögum viðtökuaðildarríkisins og um málsmeðferð og frest til að leggja fram kvörtun.

Komi hins vegar upp ágreiningur geta báðir aðilar, komist þeir að samkomulagi um það, innan eins mánaðar hið mesta fengið sérfræðing til að leggja mat sitt á deiluna, en hans verður að vera getið á skrá yfir sérfræðinga bandalagsins sem framkvæmdastjórnin tekur saman.

Sérfræðingar verða að láta álit sitt í ljós innan 72 klukkustunda. Deiluaðilar verða að lúta álini sérfræðingsins að teknu tilhlýðilegu tilliti til dýraheilbrigðislöggjafar bandalagsins.

⁽¹⁾ Breytt og steypt saman með tilskipun 91/497/EBE (Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 68).

10. gr.

- Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar geta, eftir því sem þurfa þykir til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar, annast vettvangsskoðanir í samvinnu við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna. Fari skoðanir fram á yfirráðasvæði aðildarríkis skal það veita sérfræðingunum alla nauðsynlega aðstoð við skyldustörf þeirra. Framkvæmdastjórnin tilkynnir aðildarríkjunum um niðurstöður slíkra skoðana.
- Nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr.

III. KAFLI

Innflutningur frá þriðju löndum

11. gr.

- Reglurnar sem eru settar í tilskipun 91/496/EBE skulu meðal annars gilda um skipulagningu og framhald eftirlits.
- Innflutningur, umflutningur og flutningur til og um yfirráðasvæði bandalagsins frá þriðju löndum á lifandi dýrum sem falla undir þessa tilskipun skal því aðeins heimilaður að útflytjandi og/eða innflytjandi skuldbindi sig skriflega til að fara að kröfum þessarar tilskipunar og hafi gert ráðstafanir til að fullnægja þeim.
- Frá og með 1. janúar 1993 komi eftirfarandi í stað fyrsta undirliðar d-liðar 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/496/EBE:

„d) sannprófun á því að farið sé að þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 91/628/EBE frá 19. nóvember 1991 um verndun dýra í flutningi og um breytingu á tilskipunum 90/425/EBE og 91/496/EBE(*).“

(*) Stjtið. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17.“

- Bæta skal við vottorðin eða skjölin sem um getur í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/496/EBE í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. svo að tillit sé tekið til krafna þessarar tilskipunar.

Uns ákvæði þessi koma til framkvæmda skulu viðeigandi innlendar reglur gilda, að teknu tilliti til almennra ákvæða sáttmálans.

IV. KAFLI

Lokaákvæði

12. gr.

Þær reglur og sú málsmeðferð upplýsinga sem greint er frá í tilskipun 89/608/EBE⁽¹⁾ skulu gilda að breyttu breytanda að því er þessa tilskipun varðar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 351, 2. 12. 1989, bls. 34.

13. gr.

- Fyrir 1. júlí 1992 skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu er byggist á álitu vísindanefndar um dýraheilbrigði, hugsanlega með tillögum, um:

- hámarks lengd ferða að því er tiltekna dýrategundir varðar,
- tímabilin sem mælt er fyrir um í d-lið 2. liðar í A-hluta I. kafla viðaukans,
- lengd hvíldarinnar sem kveðið er á um í b-lið 2. tölul. 5. gr.,
- hleðslustaðlana sem gilda um flutninga á tilteknum dýrategundum,
- staðlana sem flutningatæki skulu uppfylla með tilliti til flutninga á tilteknum dýrategundum.

Ráðið tekur ákvörðun um þessar tillögur með auknum meirihluta.

- Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. og að höfðu samráði við vísindanefndina um dýraheilbrigði skal framkvæmdastjórnin ákveða viðmiðanir bandalagsins sem áningarstaðir skulu standast að því er varðar fóðrun, brynningu, fermingu, affermingu og, ef við á, hýsingu tiltekinna dýrategunda.

- Þremur árum eftir að ákvæði þessarar tilskipunar koma til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir ráðið um fengna reynslu aðildarríkjanna, einkum að því er varðar ákvæðin sem um getur í 1. og 2. mgr., ef til vill ásamt tillögum um breytingu á reglum sem ráðið skal afgreiða með auknum meirihluta.

- Uns ákvæðin sem um getur í 1. og 2. mgr. koma til framkvæmda skulu viðeigandi innlendar reglur gilda, að teknu tilliti til almennra ákvæða sáttmálans.

14. gr.

Ákvarðanir um breytingar á viðaukum þessarar tilskipunar, einkum með tilliti til þess að laga þá að tækniframförum, skulu teknar af ráðinu með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

15. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. er heimilt að við vottorðin eða fylgiskjölin, sem kveðið er á um í reglum bandalagsins vegna flutninga á dýrum sem um getur í 1. gr., verði bætt staðfestingu frá lögbæru yfirvaldi í skilningi 6. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/425/EBE þess efnis að farið hafi verið að kröfum þessarar tilskipunar.

16. gr.

Reglurnar um velferð dýra í flutningi er gilda um flutninga á dýrum á tilteknum hlutum yfirráðasvæðanna sem um getur í 1. viðauka við tilskipun 90/675/EBE, þar með talið Kanaríeyjar að því er Konungsríkið Spán varðar, í því skyni að taka tillit til sérstakra náttúrulegra takmarkana sem eiga við um þessi yfirráðasvæði, einkum hve þau liggja langt frá meginlandssvæði bandalagsins, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. á grundvelli upplýsinganna sem mælt er fyrir um í annarri málsgrein.

Með hliðsjón af þessu og eigi síðar en 1. júlí 1992 skulu hlutaðeigandi aðildarríki leggja fyrir framkvæmdastjórnina sérstakar reglur sem ber að hlíta að því er varðar velferð dýra í flutningi innan viðkomandi landsvæða, og taka tillit til sérstakra takmarkana þessara yfirráðasvæða.

17. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE ⁽¹⁾, og kallast hér á eftir „nefndin“, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

4. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin sam-

þykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

18. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að ákveða viðurlög vegna brota einstaklinga eða lögpersóna á ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Þegar um er að ræða endurtekið brot á ákvæðum þessarar tilskipunar eða brot sem hefur í för sér miklar þjáningar fyrir dýr er aðildarríki heimilt, með fyrirvara um önnur refsiakvæði sem kunna að vera sett, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á vanefndunum.

19. gr.

Þessi tilskipun skal gilda með fyrirvara um skuldbindingar samkvæmt tollalöggjöfinni.

20. gr.

Tilskipanir 77/489/EBE og 81/389/EBE falli úr gildi eigi síðar en þann dag sem um getur í 21. gr.

21. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1993. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

22. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. nóvember 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

P. BUKMAN

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

VIÐAUKI

I. KAFLI

EINHÓFA ELDISDÝR OG ELDISDÝR AF NAUTGRIPA-, SAUÐFJÁR-,
GEITA- OG SVÍNAKYNI

A. Almenn ákvæði

1. Dýr sem ganga með afkvæmi og líkur eru á að muni bera meðan á flutningi stendur, dýr sem hafa borið á næstliðnum 48 tímum og nýfædd dýr með nafla sem ekki er að fullu gróinn skulu ekki teljast hæf til flutnings.
2.
 - a) Dýr skulu hafa nægilegt rými til að standa upprétt með eðlilegum hætti og, ef nauðsyn ber til, skal setja upp skilveggi til að verja þau gegn hreyfingum flutningatækisins. Dýrin skulu hafa svigrúm til að leggjast niður nema sérstakar aðstæður í tengslum við verndun dýranna útheimti annað.
 - b) Smíða skal og starfrækja flutningatækið og gámana með þeim hætti að dýrin séu vernduð gegn óblíðum veðurskilyrðum og miklum loftslagsbreytingum. Loftræsting og loft skal miðast við flutningsskilyrði og þá dýrategund sem verið er að flytja.
 - c) Flutningatækið og gámana skal vera auðvelt að þrifa, dýrin mega ekki geta sloppið út og smíði og starfræksla skal vera með þeim hætti að dýrin meiðist ekki og þurfi ekki að líða þjáningar að nauðsynjalausu og öryggi dýranna sé tryggt. Gámar sem dýr eru flutt í skulu bera ták sem gefur til kynna nærveru lifandi dýra og merki er sýnir upprétta stöðu dýranna. Þeir skulu þannig úr garði gerðir að í þeim sé hægt að skoða og hirða um dýrin og komið þannig fyrir að ekkert hindri loftræstinguna. Í flutningi og við meðhöndlun skulu gámarnir alltaf hafðir uppréttir og þeir mega ekki verða fyrir þungum höggum eða hristingi.
 - d) Í flutningi skulu dýrin fá vatn og fóður með hæfilegu millibili. Ekki skal millibilið vera lengra en 24 tímar nema nauðsynlegt sé að framlengja tímann í mesta lagi um tvo tíma í sérstökum tilvikum, einkum með tilliti til þeirra tegunda sem verið er að flytja, flutningatækja sem notuð eru og nálægðar við affermingarstað.
 - e) Einhófa dýr skulu vera múlbundin í flutningi. Þetta ákvæði þarf ekki að gilda um ótamda fola eða þegar sérstakur kassi er hafður undir hvert dýr.
 - f) Ef dýr eru bundin skal tjóðrið vera það sterkt að það slitni ekki við eðlileg flutningsskilyrði og nógu langt til að dýrin geti, ef nauðsyn ber til, lagst niður, tekið til sín fóður og drukkið og tjóðrunin skal vera þannig útbúin að engin hætta sé á kyrkingu eða meiðslum. Dýr skulu ekki bundin á hornum eða í nasahringi.
 - g) Hvert einhófa dýr skal flutt í sérstökum bás eða kassa sem er hannaður með það fyrir augum að verja dýrið gegn höggum. Samt sem áður er heimilt að flytja slík dýr í hópum. Þá skal þess gætt að dýr sem eru hvert öðru fjandsamleg séu ekki flutt saman eða, ef þau eru flutt saman, að afturhófar þeirra séu ójárnaðir.
 - h) Ekki skal flytja einhófa dýr í ökutækjum sem hafa fleiri en eina hæð.
3.
 - a) Þegar dýr af ólíkum tegundum eru flutt með sama flutningatæki skulu þau aðskilin eftir tegundum, nema dýrin séu því vön að vera saman og aðskilnaður hefði þar af leiðandi streitu í för með sér. Þar að auki skal gera sérstakar ráðstafanir til að komast hjá skaðlegum afleiðingum þess að flytja í sömu sendingu dýrategundir sem af eðlishvöt eru mótsnúnar hver annarri. Þegar dýr á ólíkum aldri eru flutt með sama flutningatæki skal aðskilja fullorðin dýr frá ungunum dýrum. Þessi takmörkun skal þó ekki gilda um kvendýr með afkvæmi sem eru á spena. Óvönuð fullorðin karldýr skulu aðskilin frá kvendýrum. Fullorðnir kynbótageitir skulu hafðir aðskildir og sömuleiðis graðfolar. Þessi ákvæði gilda því aðeins að dýrin hafi ekki verið alin upp í samrýmanlegum hópum eða þau hafi ekki vanist saman.
 - b) Í rými sem er notað við flutninga á dýrum skal ekki setja vörur sem kunna að hafa skaðleg áhrif á velferð dýranna.
4. Við fermingu og affermingu á dýrum skal nota hentugan útbúnað á borð við brýr, skábrautir og landgöngubrýr. Gangvegurinn skal hannaður með það fyrir augum að dýrin renni ekki til, og hliðarvarnir skulu fylgja ef þurfa þykir. Í flutningi má ekki halda dýrunum uppi með tækjum eða lyfta þeim eða draga á haus, hornum, löppum, hala eða húð. Auk þess skal ekki nota stafi með rafmagni ef hjá því verður komist.

5. Gólfíð í flutningatækinu eða gáminum skal vera nógu sterkt til að þola þyngd dýranna sem verið er að flytja. Það má ekki vera hált. Ef gólfíð er með millihólfum eða raufum skal slíkt vera alveg laust við ójöfnur, svo að dýrin meiðist ekki. Á gólfinu skal vera nógu mikill hálmur til að taka í sig skít, nema unnt sé að hafa önnur ráð sem eru að minnsta kosti jafngóð eða skíturinn sé fjarlægður með reglulegu millibili.
6. Til að tryggja að nógu vel sé hugsað um dýrin skal aðstoðarmaður fylgja sendingum búfjár, nema í eftirtöldum tilvikum:
 - a) dýrin eru flutt í öruggum gámum sem eru nógu vel loftræstir og, ef þurfa þykir, með sjálfvirka fóður- og vatnsskammtara sem ekki hellist úr og innihalda nægilegt fóður og vatn fyrir ferð sem tekur helmingi lengri tíma en ráð er fyrir gert;
 - b) sá sem flytur dýrin gegnir hlutverki aðstoðarmanns;
 - c) sendandinn hefur tilnefnt umboðsmann til að hirða um dýrin á fyrirhuguðum áningarstöðum.
7.
 - a) Aðstoðarmaður eða umboðsmaður sendanda skal hirða um dýrin, fóðra, brynna þeim og, ef þurfa þykir, mjólka þau.
 - b) Mjólkandi kýr skulu mjólkaðar á 12 tíma fresti en ekki sjaldnar en á 15 tíma fresti.
 - c) Til að aðstoðarmaðurinn geti innt þessi störf af hendi skal hann, ef þurfa þykir, hafa greiðan aðgang að hentugum ljósabúnaði.
8. Dýrin má einungis setja í flutningatæki sem hafa verið vandlega þrífín og, ef svo ber undir, sóttþreinsuð. Dauðar skepnur, hálm og skít ber að fjarlægja eins skjótt og auðið er.

B. Sérákvæði um járnbrautarflutninga

9. Allir járnbrautarvagnar sem eru notaðir við flutninga á dýrum skulu bera tákni sem gefur til kynna nærveru lifandi dýra, nema dýrin séu flutt í gámum. Ef ekki eru tiltækir vagnar sem eru sérstaklega útbúnir fyrir flutninga á dýrum skal flytja dýrin í lokuðum vögnum sem geta farið mjög hratt og eru með nægilega stórum loftræstiopum eða með loftræstikerfi sem er virkt jafnvel á litlum hraða. Vagnarnir skulu klæddir innan með viði eða öðru hentugu efni sem er alveg slétt og með hringjum eða slám í réttri hæð til að binda dýrin við ef þurfa þykir.
10. Ef einhófa dýr eru ekki flutt í sérstökum kassa fyrir hvert dýr skulu þau bundin þannig að þau snúi öll að sömu hlið ökutækisins eða andspænis hvert öðru. Þó skal ekki binda folöld og ótamin dýr.
11. Stórum dýrum skal komið þannig fyrir að aðstoðarmaður geti hreyft sig innan um þau.
12. Ef halda á dýrunum aðskildum í samræmi við a-lið 3. liðar er heimilt að uppfylla þá kröfu annaðhvort með því að binda þau í aðskildum hlutum vagnsins, ef til þess er svigrúm, eða með því að setja upp hentuga skilveggi.
13. Við tengingu lestarvagna og allan annan akstur vöruflutningavagna skal gera allar tiltækar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að vagnar með dýrum kippist harkalega til.

C. Sérákvæði um landflutninga

14. Ökutækin skulu vera þannig innréttuð að dýrin geti ekki sloppið út og smíðuð með það fyrir augum að tryggja öryggi dýranna. Enn fremur skulu ökutækin hafa þak er veitir öruggt skjól fyrir veðri.
15. Í ökutækjum sem eru notuð til að flytja stór dýr sem yfirleitt þurfa að vera bundin skal vera búnaður og aðstaða til að tjóðra þau. Ef nauðsynlegt er að skipta ökutækjum niður í hólf skulu skilveggirnir vera sterkir.
16. Í ökutækjunum skal vera búnaður við hæfi sem uppfyllir kröfurnar í 4. lið.

D. Sérákvæði um flutninga á vatni

17. Skip skulu vera þannig innréttuð að dýrin meiðist ekki í flutningi og þurfi ekki að líða þjáningar að nauðsynjalausu.

18. Ekki skal flytja dýr á opnu þilfari nema í nægilega öruggum gámum eða öðrum umbúnaði sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt og veitir nægilegt skjól fyrir sjó og veðri.
19. Dýr skulu vera bundin eða komið skikkanlega fyrir í stúum eða gámum.
20. Góðir gangvegir skulu vera í allar stúur, gáma eða ökutæki sem hýsa dýr. Hæfileg lýsing skal vera fyrir hendi.
21. Aðstoðarmenn skulu vera nógu margir með tilliti til þess fjölda dýra sem verið er að flytja og með tilliti til þess hve lengi ferðin varir.
22. Í öllum hlutum skipsins þar sem dýrunum er komið fyrir skal vera afrennsli og halda skal öllum hlutum skipsins hreinum.
23. Tæki af þeirri tegund sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt skal vera um borð svo að unnt sé að aflífa dýrin ef nauðsyn ber til.
24. Skip sem eru notuð við flutninga á dýrum skulu, áður en lagt er upp í siglingu, búin út með nægilegan forða drykkjarvatns, ef ekki er búnaður til að framleiða það um borð, og viðeigandi fóður, með tilliti til tegunda og fjölda dýra sem verið er að flytja og með tilliti til þess hve lengi ferðin varir.
25. Gera skal ráðstafanir til að einangra veik eða meidd dýr í sjóferðinni og til að veita skyndihjálp ef nauðsyn ber til.
26. a) Ef dýr eru flutt í járnbrautarvögnum um borð í skip skal þess gætt sérstaklega að loftræstingun hjá dýrunum sé viðhlítandi í allri ferðinni. Ákvæði 17.–19. liðar skulu ekki gilda um flutninga á dýrum sem eru flutt í járnbrautarvögnum eða ökutækjum um borð í ferjur eða álfka farartæki.
b) ef dýr eru flutt í ökutækjum um borð í skip ber að gera eftirfarandi ráðstafanir:
 - i) rýmið þar sem dýrin eru höfð skal vera fest vel á ökutækið. Í ökutækinu og rýminu skal vera búnaður og aðstaða til að binda þau fast og örugglega á skipið. Á lokuðu þilfari á ekjuskipi skal vera viðhlítandi loftræsting miðað við fjölda ökutækja sem verið er að flytja. Sé þess nokkur kostur skulu ökutæki fyrir flutninga á dýrum höfð nálægt loftinntaki þar sem hreint loft streymir inn,
 - ii) í rýminu þar sem dýrin eru höfð skulu vera nægilega mörg loftop eða annað sem tryggir viðhlítandi loftræstingu, með það í huga að loftstreymi er takmarkað í lokuðu bílageymslurými skips. Á öllum hæðum í því rými þar sem dýrin eru skal vera nægilegt svigrúm til að tryggja viðhlítandi loftræstingu fyrir ofan dýrin þegar þau standa upprétt með eðlilegum hætti,
 - iii) beinn aðgangur skal vera að öllum hlutum rýmisins, svo að unnt sé að annast dýrin, fôðra þau og brynna í sjóferðinni, ef nauðsyn ber til.

E. Sérákvæði um loftflutninga

27. Dýr skulu flutt í gámum, stúum eða básum, eftir því hvað hentar hverri tegund, sem uppfylla að minnsta kosti nýjustu IATA-reglurnar um flutning á lifandi dýrum.
28. Gera skal varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir of hátt eða of lágt hitastig um borð, með tilliti til dýrategunda. Þar að auki skal gera ráðstafanir til að hindra að miklar breytingar verði á loftþrýstingi.
29. Tæki af tegund sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt skal vera um borð, svo að unnt sé að aflífa dýrin ef nauðsyn ber til.

II. KAFLI

ALIFUGLAR, AÐRIR FUGLAR OG ALIKANÍNUR

30. Eftirtalin ákvæði I. kafla skulu gilda að breyttu breytanda um flutning á alifuglum, öðrum fuglum og alikaninum: a-, b- og c-liður 2. liðar, 3., 5., 6., 8., 9., 13., 17.–22., 24. og 26.–29. liður.

31. Nægilegar birgðir viðeigandi fódurs og vatns skal vera fyrir hendi, nema þegar:
- ferð varir skemur en 12 tíma, að frátöldum þeim tíma sem er notaður til fermingar og affermingar,
 - ferð með fuglsunga af hvaða tegund sem er varir skemur en 24 tíma, svo framarlega sem henni er lokið 72 tímum eftir útungun.

III. KAFLI

HUNDAR OG KETTIR

32. Með fyrirvara um a-lið 2. mgr. 1. gr. skulu eftirtalin ákvæði I. kafla gilda að breyttu breytanda um flutning á hundum og köttum: 1. liður, a-, b- og c-liður 2. liðar, 3., 5. og 6. liður, a- og c-liður 7. liðar, 8., 9., 12., 13., 15. og 17.–29. liður.
33. Dýr í flutningi skulu ekki fódruð sjaldnar en á 24 tíma fresti og skal þeim ekki brynnt sjaldnar en á 12 tíma fresti. Greinilegar skriflegar leiðbeiningar um fódrun og brynningu skulu fylgja með dýrunum. Kvendýr skulu höfð aðskilin frá karldýrum um fengitímann.

IV. KAFLI

ÖNNUR SPENDÝR OG FUGLAR

34. a) Ákvæði þessa kafla skulu gilda um flutning á þeim spendýrum og fuglum sem heyra ekki þegar undir ákvæði kaflanna hér á undan.
- b) Eftirtalin ákvæði I. kafla skulu gilda að breyttu breytanda um flutning á tegundum sem heyra undir þennan kafla: 1. liður, a-, b- og c-liður 2. liðar, b-liður 3. liðar, 4., 5. og 6. liður, a- og c-liður 7. liðar, 8. og 13.–29. liður.
35. Með fyrirvara um b-lið 1. mgr. 3. gr. skal einungis flytja þau dýr sem eru hæf til flutnings og við góða heilsu. Dýr sem eru greinilega komin nálægt burði eða dýr sem eru nýbúin að bera og dýraungar sem geta ekki sjálfir tekið til sín fæðu og eru ekki í fylgd móður teljast ekki hæf til flutnings. Við sérstakar aðstæður er unnt að veita undantekningu frá þessum ákvæðum ef nauðsynlegt er dýranna vegna að fara með þau þangað sem unnt er að meðhöndla þau á réttan hátt.
36. Ekki skal gefa róandi lyf nema við sérstakar aðstæður og eingöngu undir beinu eftirliti dýralæknis. Allar upplýsingar um notkun róandi lyfs sem dýrinu er gefið skulu fylgja með því á viðtökustað.
37. Einungis skal flytja dýr í hentugum flutningatækjum og á flutningatækjunum skal, ef þurfa þykir, vera tilkynning um að dýrin séu villt, stygg eða hættuleg. Að auki skulu fylgja dýrunum greinilegar skriflegar leiðbeiningar um fódrun og brynningu og sérstaka umönnun sem þörf er á.
- Dýr sem heyra undir CITES ber að flytja í samræmi við nýjustu ákvæðin í viðmiðunarreglum CITES um flutning og undirbúning fyrir flutning á lifandi villtum dýrum og plöntum. Þegar um loftflutninga er að ræða skal að minnsta kosti flytja þau í samræmi við nýjustu IATA-reglurnar um flutning lifandi dýra. Þau skulu send á viðtökustað eins skjótt og auðið er.
38. Dýr, sem heyra undir þennan kafla, skulu njóta umönnunar í samræmi við leiðbeiningarnar og viðmiðunarreglurnar sem um getur í 37. lið.
39. Ákveða skal hæfilegt tímabil til að halda dýrin og venja þau við áður en þau eru send af stað og á því tímabili skulu þau, ef þurfa þykir, smám saman vanin við gámana.
40. Dýr af ólíkum tegundum skal ekki setja í sama gám. Auk þess skal ekki setja dýr af sömu tegund í sama gám nema vitað sé að þau geti verið saman.
41. Ekki skal flytja hjartardýr meðan enn er skinn á hornum þeirra.
42. Fuglar skulu hafðir í hálfökkri.

43. Með fyrirvara um sérstakar ráðstafanir sem eru gerðar í samræmi við 3. mgr. 3. gr. skulu sjávarspendýr vera undir stöðugu eftirliti hæfs aðstoðarmanns. Gámum skal ekki staflað.
44. a) Til að tryggja nægilegt loftstreymi skal auka loftræstingu með holum í hentugri stærð á hliðum gámanna. Holurnar mega ekki vera stærri en svo að dýrin geti ekki komist í snertingu við einstaklinga sem meðhöndla gámana eða geti ekki skaðað sig.
b) Hæfilega stór millilegg skulu vera á öllum hliðum, lofti og gólfi gámanna, þannig að örugglega sé loftstreymi inn til dýranna ef svo vill til að farni er staflað eða pakkað þétt.
45. Ekki skal hýsa dýr nálægt matvælum eða á stöðum sem óviðkomandi einstaklingar hafa aðgang að.

V. KAFLI

ÖNNUR HRYGGDÝR OG DÝR SEM HAFI KALT BLÓÐ

46. Önnur hryggdýr og dýr sem hafa kalt blóð skulu flutt í gámum, við skilyrði er henta viðkomandi tegundum, einkum að því er varðar svigrúm, loftræstingu, hitastillingu og öryggi, og með vatns- og súrefnisbirgðum. Dýr sem heyra undir CITES ber að flytja í samræmi við nýjustu ákvæðin í viðmiðunarreglum CITES um flutning og undirbúning fyrir flutning á lifandi villtum dýrum og plöntum. Þegar um loftflutninga er að ræða skal að minnsta kosti flytja þau í samræmi við nýjustu IATA-reglurnar um flutning á lifandi dýrum. Þau skulu send á viðtökustað eins skjótt og auðið er.